

AUGLÝSING

um staðfestingu félagsmálaráðuneytis á sameiningu Bárðdælahrepps, Hálshrepps, Ljósavatnshrepps og Reykdælahrepps í eitt sveitarfélag.

Með vísan til 95. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998, tilkynnir ráðuneytið að það hefur hinn 19. mars 2002 staðfest sameiningu Bárðdælahrepps, Hálshrepps, Ljósavatnshrepps og Reykdælahrepps, í umdæmi sýslumannsins á Húsavík, í eitt sveitarfélag.

Jafnframt hefur eftirfarandi verið ákveðið:

Sameining framangreindra sveitarfélaga skal taka gildi hinn 9. júní 2002.

Hið sameinaða sveitarfélag skal taka yfir allt það land sem nú tilheyrir áðurgreindum fjórum sveitarfélögum.

Íbúar hinna fjögurra sveitarfélaga skulu vera þegnar hins sameinaða sveitarfélags.

Eignir, skuldir, réttindi og skyldur sem tilheyra þessum fjórum sveitarfélögum skulu falla til hins sameinaða sveitarfélags.

Skjöl og bókhaldsgögn allra sveitarfélaganna skulu afhent hinu sameinaða sveitarfélagi til varðveislu.

Sérstök athygli er vakin á eftirfarandi:

Kosið verður til sveitarstjórnar hins sameinaða sveitarfélags 25. maí 2002, sbr. ákvæði laga um kosningar til sveitarstjórna, nr. 5/1998.

Kjóra skal sjö fulltrúa í sveitarstjórn hins sameinaða sveitarfélags, sbr. 1. mgr. 12. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998.

Sveitarstjórnirnar fjórar kjósa sameiginlega þrjá fulltrúa í yfirkjörstjórn og þrjá til vara. Kjörstjórnir þær sem kosnar voru í upphafi yfirstandandi kjörtímabils skv. 14. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna, nr. 5/1998, skulu vera undirkjörstjórnir við kosningarnar.

Kosið verður um nafn hins sameinaða sveitarfélags á grundvelli tillagna nefndar sem sveitarstjórnirnar hafa skipað sameiginlega. Nafn hins sameinaða sveitarfélags verður auglýst sérstaklega.

Félagsmálaráðuneytinu, 20. mars 2002.

Páll Pétursson.

Guðjón Bragason.